

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði bæjarþingsdómur á að vera óraskaður. Áfrýjandinn greiði sem málsfærslulaun til hins skipaða talsmanns stefndu, yfirrjettarmálaflutningsmanns Páls Einarssonar 15 kr. Að öðru leyti fellur málskostnaður fyrir yfirdómi niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Nr. 42/1892:

Bóksali Kristján Ó. Þorgrímsson
gegn

Lárusi Bjarnason fyrir hönd
S. Friedlænders.

D ó m u r:

Í hjeradi var mál þetta höfðað af yfirrjettarmálaflutningsmanni Lárusi Bjarnason fyrir hönd verzlunarhússins S. Friedlænders í Kaupmannahöfn gegn bóksala og kaupmanni Kristjáni Ó. Þorgrímssyni í Reykjavík út af viðskiptaskuld, að upphæð kr. 550,16 aur., og var sökin dæmd í bæjarþingsrjetti Reykjavíkurkaupstaðar 15. sept. f. á. á þá leið, að áfrýjandi skyldi greiða hinum stefnda af hinni umstefndu skuld 407 kr. 8 aur. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, en málskostnaður var látinn falla niður. Dómi þessum hefur nefndur Kristján Ó. Þorgrímsson áfrýjað til yfirdómsins með stefnu útgefinni 7. okt. f. á. og gjört þær rjettarkröfur hjer fyrir rjettinum, *principaliter* að hann verði algjörlega sýknaður í málinu, og að honum verði

tildæmdur málskostnaður fyrir báðum rjettum með 50 kr. eða eptir mati þessa rjettar, og *in subsidium*, að frá hinni umstefndu skuldarupphæð (ö: 550 kr. 16 aur.) verði dregnar 362 kr. 22 aur., og að honum þá verði tildæmdur málskostnaður fyrir báðum rjettum skaðlaust eða eptir mati yfirdómsins. Á hins bóginn hefur hinn stefndi Lárus Bjarnason krafizt þesss *principaliter*, að málinu verði vísað frá yfirdómi og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða stefnda hæfilega upphæð í kost og tæring, og *in subsidium*, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi með nægilegri upphæð. Auk þess hefur hann krafizt þess, að aðdróttun af hálfu áfrýjanda um það, að höfuðbækur S. Friedlænders hafi verið falsaðar, verði dæmd dauð og marklaus og áfrýjandinn sektaður hæfilega fyrir hana.

Frávísunarkröfu sína byggir hinn stefndi Lárus Bjarnason á því, að þó að honum með umboði frá S. Friedländer útgefnu 23. febr. f. á., hafi verið á hendur falið að innheimta hjá áfrýjanda skuld þá, sem er sakarefni, þá verði honum þó eigi stefnt sem eiginlegum málsparti til þess að svara til sakarinnar fyrir yfirrjettinum, þar sem hann að eins hafi haft innheimtuumboð fyrir S. Friedländer, sem hann hafi afsalað sjer, þegar undirrjettardómur var genginn í málinu. Með áðurnefndu umboðsskjali, dags. 23. febr. f. á., fól S. Friedländer Lárasi Bjarnason á hendur að innheimta skuld sína hjá áfrýjanda, þannig, að allt sem hann gjörði í því efni, skyldi vera skuldbindandi fyrir umbjóðanda, og í hinum áfrýjaða dómi er svo kveðið á, að áfrýjandi skuli greiða stefnda fyrir hönd S. Friedländers tilgreinda upphæð, og er stefndi þannig dómhafi í málinu, og virðist þar af leiða,

að áfrýjanda hafi verið heimilt, að stefna honum fyrir hönd S. Friedlænders undir áfrýjun málsins, en á þá leið verður að skilja áfrýjunarstefnuna, og breytir það eigi stöðu áfrýjanda í þessu efni, þótt S. Friedländer hafi fengið öðrum manni umboð í þessu skuldamáli eptir að málið var dæmt í undirrettinum. Áminnzt frá-
vísunarkrafa hins stefnda verður því ekki tekin til greina.

Skuldakrafa hins stefnda á hendur áfrýjanda stafar at verzlunarviðskiptum þeirra á árunum 1878—1887, en ár þessi fjekk áfrýjandi hjá stefnda pappír og önnur rittföng. Eptir því sem fram er komið í málinu hefur áfrýjandi fengið skrár og reikninga yfir þessar vörur jafnótt og hann fjekk þær sendar, en aðfinnslur við reikningana verður eigi, eptir málsfærslu hans fyrir undirdómi, álitíð að hann hafi komið fram með fyr en undir rekstri þessa máls, og verður ekki tekið tillit til þess, þó hann hafi viljað halda öðru fram fyrir yfirdóminum. Af þessu leiðir það, að eigi verður tekin til greina krafa áfrýjanda um, að hann verði algjört sýknaður í málinu fyrir þá skuld, að hinn framlagði aðalreikningur stefnda sje eigi nægilega sundurliðaður, enda er bætt úr þessu til fullnustu með vöruskrám þeim frá stefnda, sem áfrýjandi sjálfur hefur lagt fram í málinu. Þá getur áfrýjandi eigi heldur krafizt sýknunar í málinu fyrir þá skuld, að 2 af verzlunarbókum stefnda, sem viðskiptareikningarnir eru ritaðir eptir, hafi eigi verið löglega gegnumdregnar og innsiglaðar. Yfir höfuð verður þessum almennu mótmælum áfrýjanda gegn skuldakröfu stefnda eigi gaumur gefinn með tilliti til þess, að hann hefur viðurkennt, að hann hafi haft mikil verzlunarviðskipti við stefnda um langt árabíl, að hann

hafi jafnaðarlega staðið í skuld við hann, og að þessu hafi verið þannig varið, þegar þeir hættu viðskipunum, sbr. brjef hans til stefnda 21. okt. 1888.

Áfrýjandi hefur í vörn sinni fyrir undirrettinum í þessu máli meðal annars gjört eptirfylgjandi útásetningar við reikninga stefnda og ítrekar þær nú fyrir yfirdóminum, með því að undirdómarinn eigi tók þær til greina.

1. Hinn 26. og 27. febr. 1879 eru honum á vöruskrá færðir til reiknings 46 prótokollar í folio og kvart, sem hann þykist aldrei hafa fengið. Andvirði þeirra er talið 115 kr., sem hann krefst, að dregið verði frá hinn umstefndu skuld.

2. Hinn 3. okt. 1882 sjeu honum á vöruskrá færð til reiknings 250 st. af óstrykuðum pappír í 8 blaðabroti, en hann hafi þá að eins fengið 150 st.; sje þessi póstur oftalinn til útgjalda með 24 kr.

3. Á sömu vöruskrá sje honum fært til reiknings »1 St. Beskærerhövl með 2 Tunger«, sem hann hafi aldrei fengið. Verðið 13 kr. 50 a. krefst hann að dregið verði frá skuldarupphæðinni, sem hann er krafinn um.

4. Í reikningi 6. nóv. 1883 sjeu honum færð til skuldar »2 Ris Bicube« strykuð með 20 kr. Þennan pappír hafi hann aldrei fengið, og krefst hann því að verða losaður við að greiða tjeðar 20 kr.

5. Loksins sjeu honum hinn 26. febr. 1885 færð til skuldar »20 Gros Staalpenne« á 20 kr., og »18 Gros Owlpenne« á 27 kr., er hann hafi aldrei fengið, og neitar hann því að borga þessar samtals 47 kr.

Frekari aðfinnslur við einstaka liði viðskiptareikningsins, en nú hafa verið taldar, hafa eigi – auk

þeirra, sem teknar eru til greina í undirrettardóminum — komið fram af hálfu áfrýjanda, og geta nefndar aðfinnslur eigi að álitu rjettarins tekizt til greina, eins og málið nú liggur fyrir. Það er eigi ástæða til að efa það, að allar ofantaldar vörur hafi staðið á vöruskrám þeim, sem áfrýjandi fjekk frá hinum stefnda, eins og sannað er um flestar þeirra með hinum framlögðu vöruskrám. Áfrýjanda var skylt að tjá hinum stefnda vöntun vörunnar, undir eins og hann varð áskynja um það, og þar sem hann eigi hefur haldið því fram nægilega, að hann hafi gjört það, — en stefndi hefur skýlaust neitað því, að hann hafi fengið nokkrar umkvartanir í þá átt, eða yfir höfuð fengið nokkrar útásetningar á reikningana, fyr en mál þetta var höfðað, löngu eptir að viðskipti málsaðila voru hætt — verður að líta svo á, að stefndi hafi sent áfrýjanda umræddar vörur og að áfrýjandi hafi á sínum tíma í raun og veru meðtekið þær. Fyrir því verður varakrafa áfrýjanda eigi tekin til greina, og ber að staðfesta hinn áfrýjanda dóm, einnig að því er málskostnaðarákvæði hans snertir. Það er eigi ástæða til þess að sekta áfrýjanda eptir kröfu stefnda fyrir meiðandi aðdróttun, nje til þess að dæma umrædda aðdróttun ómerka, með því að hún hefur eigi komið fram á þann hátt, að hún geti talizt meiðandi. Eptir þessum úrslitum málsins þykir rjett, að áfrýjandi greiði stefnda sem málskostnað fyrir yfirdómi 30 kr.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjandi bæjarþingsdómur á að vera óraskaður. Sem málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýj-

andinn, Kristján Ó. Þorgrímsson, hinum stefnda, Lárusi Bjarnason fyrir hönd S. Friedlænders, 30 kr.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 14. ágústmánaðar.

Nr. 4/1893:

Vigfús Þórarinsson
gegn

hreppsnefndum Hvamms- og Dyr-
hólahreppa í Vestur-Skaptafellssýslu.

D ó m u r:

Mál þetta höfðu í hjerði hreppsnefndirnar í Hvamms- og Dyrhólahreppum í Skaptafellssýslu, er Dyrhólahreppi hinum forna hefur verið skipt í, gegn áfrýjandanum Vigfúsi bónda Þórarinssyni á Ytri-Sólheimum til að fá hann skyldaðan til að greiða sjer meðal annars eptirgjald eptir 5 hndr. f. m. í Ytri-Sólheimum frá fardögum 1879 til fardaga 1891, en jarðarhundrað þessi hafði eigandinn Sveinn Árnason fengið hreppsnefndunum til umráða, er hann fluttist burtu úr hreppnum, svo sem með lageda framfærslustyrk með konu hans, Margrjeti Berentsdóttur, er hann skildi þar eptir. Málid var dæmt í aukarjetti Skaptafellssýslu 18. ágústmán. f. á. þannig, að áfrýjandinn var skyldaður til að greiða hinum stefndu afgjald af umræddum jarðarparti fyrir greind ár, 174 kr. 59 a., og árlegt fjörufóður svo nefnt, eða eptirgjald eptir fjöruna að rjettri tiltölu fyrir sama tíma, eptir mati óvilhallra dómkvaddra manna, en að